

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Nesjavellir, L209139.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi hótelldóðar á Nesjavöllum, L209139, sem felur í sér stækkun á núverandi byggingarreit B-1 og nýjum byggingarreit B-2. Byggingarreitur B-1 stækkar úr 4.646,4 m² í 5.041,4 m². Nýr byggingarreitur B-2 er 102 m² að stærð og er áætlað að byggja geymsluhúsnæði á einni hæð. Heildarbyggingarmagn byggingarrita B-1 og B-2 verður allt að 3.830 m². Þakhalli bygginga má vera allt að 45°.

Samþykkt í sveitarstjórn 22. apríl 2020.

Deiliskipulagsbreyting, Mýrarkot, sumarhúsahverfi.

Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi sumarhúsahverfis við Héðinslæk í landi Mýrarkots. Um er að ræða breytingu á skilmálum er varða byggingarefni og byggingarlag, sem tekur til stærðar, fjölda og staðsetningar húsa á lóð, nýtingarhlutfalls og hæðar á húsum.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. nóvember 2019.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. júní 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2020